

Hafnarfjörður, 20. apríl 2022.

Til nefndarmanna í Menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðarbæjar

Erindi: Ósk varðandi minnisvarða um Hallstein Hinriksson og mikið íþróttastarf hans í Hafnarfirði.

Komiði sæl,

Hafnarfjörður er gjarnan nefndur **íþróttabærinn**. Fjölmörg íþróttafélög eru starfandi í Firðinum fagra og er starf félaganna í senn blómlegt og faglegt. Góður árangur hafnfirsks íþróttafólks hefur borið hróður bæjarins víða og bæjaryfirvöld hafa lengi stutt vel við bakið á íþróttafélagunum og íþróttastarfi almennt í bænum. Þar er að finna glæsileg íþróttamannvirki og öll aðstaða til íþróttaiðkunar er til mikillar fyrirmyndar. Bæjarbúar eru afar stoltir af íþróttabænum Hafnarfirði.

Á mörgum stöðum í bænum er búið að setja upp fræðandi og smekkleg upplýsingaskilti sem tengjast sögu bæjarins. Okkur afkomendum Hallsteins Hinrikssonar (f. 1904, d. 1974) finnst mikilvægt að hans mikla starfi í tengslum við íþróttir í bænum sé minnst með viðeigandi hætti og óskum eftir að reistur verði minnisvarði um hann og íþróttastarf hans í Hafnarfirði. Að virðulegi íþróttakennarinn og faðir nútímahandboltans á Íslandi fái sitt minnismerki á aðgengilegum stað nálægt íþróttahúsinu við Gamla Lækjarskóla, vögggu handknattleiksins hér á landi, þar sem hann kenndi fimleika/leikfimi, handbolta og fleiri íþróttagreinar í rúma fjóra áratugi.

Árið 1929 var Hallsteinn ráðinn íþróttakennari við Barnaskóla Hafnarfjarðar. Hann hóf líka strax að kenna íþróttir við Flensborgarskólann, leiðbeina fimleika-/leikfimiflokkum á kvöldin, sjá um sundkennslu fyrir bæinn og halda námskeið fyrir börn í bænum þar sem boðið var upp á ýmsar útiþróttir og íþróttaleiki.

Með komu Hallsteins til Hafnarfjarðar urðu alger þáttaskil í íþróttasögu bæjarins, en hann er talinn sá maður sem lagt hefur hvað mest af mörkum til hafnfirskra íþróttamála fyrr og síðar. Áður en Hallsteinn kom í bæinn höfðu verið þar ýmis íþróttafélög, en þau höfðu yfirleitt átt skamman aldur. Það breyttist 15. október 1929 en þá hafði hann forgöngu um að stofna Fimleikafélag Hafnarfjarðar (F.H.). Með stofnun félagsins hófst skipulagt íþróttastarf utan skóla af alvöru í bænum.

Hallsteinn var fimleika-/leikfimikennari við Barnaskólann og Flensborgarskólann í Hafnarfirði á árunum 1929-72. Hann kenndi fjölmörgum nemendum íþróttir af lífi og sál og um árabíl var hann eini íþróttakennarinn við skólana. Einnig kenndi hann sund í sjónum á vegum bæjarins samfleytt frá 1930 til 1939. Hann var aðalþjálfari og leiðtogi FH frá upphafi og til æviloka. Í 45 ár þáði hann aldrei kaup vegna starfa sinna fyrir félagið sem hann skapaði og unni svo heitt.

Hafnarfjörður hefur líka oft verið kallaður **handboltabærinn**, því upphaf handboltans á Íslandi er hér í Firðinum. Fyrstu opinberu kappleikirnir í handknattleik héraðs fóru fram á íþróttamóti sem haldið var á gamla Hvaleyrarholtsvelliinum 28. júní 1925. Þar kepptu stúlkur fyrst innbyrðis

en síðan keppti úrvalslíð þeirra á móti úrvalslíði pílta. Síðar, eða á sjötta áratug 20. aldar, má segja að karlalið FH í handknattleik undir forystu Hallsteins hafi komið Hafnarfirði á kortið sem íþróttabæ með glæstum árangri í keppnum innanlands sem og þátttöku í Evrópukeppnum.

Hallsteinn Hinriksson er iðulega og með réttu kallaður faðir nútímahandbolta hérlendis og íþróttahús Barnaskólans (síðar Lækjarskóla), sem fyrstu árin stóð við Suðurgötu en að Skólabraut frá 1934, er með sanni vagma handboltans hér á landi. Hann var landsliðsþjálfari karla í handknattleik 1958-62 og undir vasklegri stjórn Hallsteins náði liðið þeim frábæra árangri að enda í 6. sæti á Heimsmeistaramótinu í Vestur-Þýskalandi árið 1961.

Hann var skipaður af Íþróttasambandi Íslands (ÍSí) í stjórn Íþróttaráðs Hafnarfjarðar (ÍRH) 1935 og sat þar allan líftíma ÍRH til 1945. Hallsteinn var einnig einn stofnenda Íþróttabandalags Hafnarfjarðar (ÍBH) 1945 sem tók við af ÍRH og var fulltrúi FH í stjórn ÍBH 1945-46 og 1953-54. Hann var einn stofnenda Íþróttakennarafélags Íslands og sat þar í stjórn fyrstu árin eða 1935-46. Sömuleiðis gekkst hann fyrir stofnun Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) árið 1957, var varaformaður í fyrstu stjórn sambandsins og síðar féhirðir.

Árið 1962 var Hallsteinn sæmdur af forseta Íslands riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf sín í þágu félags- og íþróttamála. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar heiðraði Hallstein sérstaklega árið 1971 þegar íþróttahúsið við Strandgötu var tekið í notkun og honum þakkað fyrir farsæl og ómetanleg störf á sviði íþróttá í bænum. Sömuleiðis hlaut hann á lífsleiðinni fjölmargar viðurkenningar frá íþróttahreyfingunni, m.a. gullmerki Frjálsíþróttasambands Íslands (FRÍ) árið 1964, æðstu orðu þess, fyrir vel unnin störf í þágu frjálsra íþróttá og sambandsins.

Við afkomendur Hallsteins vonumst eftir að Menningar- og ferðamálanefnd, sem og bæjarráð/-stjórn Hafnarfjarðar, taki vel í óskir okkar um minnisvarðann honum til heiðurs og varðveiti þannig um leið með stolti merkan kafla í íþróttasögu bæjarins og Íslands.

Bestu kveðjur,

Hallsteinn Arnarson.